

## Fundargerð notendahóps stjórnsýslunnar

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands miðvikudaginn 30. október 2019 milli klukkan 10 og 11.30.

Aðilar frá stjórnsýslunni sem mættu á fundinn voru:

- Alþingi
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Dómsmálaráðuneytið
- Fjármálaráðuneytið
- Forsætisráðuneytið
- Heilbrigðisráðuneytið
- Menntamálaráðuneytið
- Samband íslenskra sveitafélaga(2 aðilar)
- Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Áslaug Dagbjört Benónýsdóttir	Gæðastjóri
Björn Rúnar Guðmundsson	Sviðsstjóri – Efnahagssvið
Darri Eyþórsson	Stjórnsýsla og samstarf
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Sviðsstjóri - Félagsmálasvið
Ólafur Arnar Þórðarson	Sviðsstjóri – Stjórnsýsla og samstarf
Tryggvi Björgvinsson	Deildarstjóri - Upplýsingatækni

Fundarstjóri var Ólafur Arnar Þórðarson.

Dagskrá:

1. Kynning á Hagstofunni
2. Umbótahugmyndir notendahóps
  - Hvað erum við að gera vel
  - Hvað má betur fara
  - Nýjar hugmyndir og þeim forgangsraðað
3. Önnur mál

### Fundargerð

1. Fundarstjóri bauð fundargesti velkomna og kynnti í stuttu máli tilgang fundarins og dagskrá. Fundarstjóri sagði fundargestum frá því að Hagstofa Íslands væri þessa dagana í stefnumótunarvinnu til næstu 5 ára og væri því niðurstaða þessa fundar gott innlegg í þá vinnu. Stefnt er að því að hafa endurgjöf til notendahópsins aftur í vor.
2. Gæðastjóri kynnti verkefni fundarins, umbótahugmyndir. Fundargestir voru beðnir um að skrifa á miða atriði um hvað Hagstofa Íslands **er að gera vel**. Dæmi um hvað kom fram:
  - Þjónusta oftast góð
  - Góð heimasíða
  - Gott starfsfólk
  - Birtingaráætlun
  - Aðgengileg heimasíða
  - Vilji til að laga sig að breytingum í samfélagi og alþjóðlegu samstarfi

- Gott viðmót, auðvelt að fá skýringar
- Töfluviðmót á vefsíðu
- Auðvelt að flytja tölur yfir í Excel
- Uppbygging og útlit vefsíðu
- Gott aðgengi að sérfræðingum, hjálplegir og fúsir til samstarfs
- Endurbætur á birtingarmynd gagna
- Vönduð og yfirgripsmikil skráargögn um mörg svið (menntamál)
- Traust gögn
- Gengur vel að miðla lykilniðurstöðum úr mörgum verkefnum
- Vefur þökkalegur, má bæta viðmót
- Gott yfirlit vísitalna
- Góðar og ítarlegar upplýsingar um sjávarútveg
- Gott viðmót hjá starfsfólki Hagstofunnar
- Mælikvarðar heimsmarkmiðanna
- Tilbúin að taka að ykkur sérstök verkefni
- Evrópsk samvinna um gagnasöfnun til að hafa samanburðarhæfa tölfræði
- Safna gögnum á sem breiðustum grundvelli
- Mannatal
- Birtingarmynd tölfræði
- Söfnun áreiðanlegra gagna
- Þjónustulund
- Tæknilega auðvelt að nálgast gögn

Næst voru fundargestir beðnir um að skrifa á miða **hvað má betur fara**. Dæmi um hvað kom fram:

- Opinber fjármál (skýra aðferðir við vörpun í GES)
- Þjóðhagsspá að vetri verði birt tímanlega fyrir áætlanir ríkis og sveitarfélaga. Flýta um 1 mánuð.
- Bæta umhverfistölfræði
- Birta fyrir tölur um fræðslumál
- Sum gagnasöfn hafa ekki verið uppfærð lengi og önnur ætti að uppfæra oftar
- Starfaflokkun og kyngreind gögn
- Efla þjóðhagsreikninga
- Tryggja að útgáfur séu sem næst viðmiðunarpunkti mælingar
- Birta meira af gögnum í mælaborðum líkt og ný síða félagsvísa og heimsmarkmiða
- Efla tekju- og launatölfræði
- Auka alþjóðlegan samanburð í útgáfum
- Betri aðgang fyrir rannsakendur og stofnanir að gagnasettum eins og vinnumarkaðskönnun og lífskjarakönnun
- Mætti sýna meiri frumkvæði í að þjónusta stjórnarráðið og stofnanir með tölfræði og úrvinnslutækni í tengslum við lög um opinber fjármál
- Bæta kyngreind gögn (eiginlega dýpka)
- Tölur stundum aðgengilegar hjá Eurostat en ekki Hagstofu
- Bæta flokkun starfa
- Mælikvarðar árangursvísa á ýmsar stærðir (kynna það)

- Gögn er varða opinber fjármál
- Betri samfella í uppfærslu á töflum (tekin dæmi um sögulegar hagtölur og einnig félagsvísa)
- Upplýsingar um ferðamátaval
- Ný endurskoðuð aðferðarfræði við hagspárgerð
- Fleiri tegundir tölfraði við hversu breiðri flóru tölfraði Hagstofunnar
- Koma með/Fjölga mælikvörðum/árangursvísunum á ýmsar stæðir (Umhverfismál)
- Áreiðanleiki gagna
- Birta fyrir þjóðhagsspá
- Vantar að bæta upplýsingar um ferðamannþjónustu
- Uppfæra efnahagslegt mælaborð á forsíðu Hagstofunnar
- Ekki góð leitarvél á heimasíðu
- Mætti greina betur gögn t.d útreikningar á framleiðni eftir atvinnugreinum
- Bæta þjónustu við stjórnsýsluna
- Óljóst hvaða töflur eru uppfærðar reglulega og hverjar eru ekki lengur uppfærðar
- Nánari farþegartölur í samgöngum, úr öllum samgöngumátum
- Upplýsingar um flutninga um hafnir, flugvelli og á vegum
- Umferðamagn á helstu leiðum samgöngumátanna
- Hagstofan ætti að einbeita sér að söfnun tölfraði og aðrir að nota hana til framsetningar. Erfitt að gera hvort tveggja vel
- Gagnasöfn mættu vera aðgengilegri
- Vefsíða ætti að innihalda hreifanleg mælaborð frekar en statísk gröf
- Beta samræmi í uppsetningu á töflum innan sama málaflokks
- Meiri áhersla á myndræna framsetningu
- Aðgengi að itargögnum og mögulega úrvinnslu (s.s í excel eða Power BI)
- Skýrar og einfaldari framsetning á skýringum (metadata)
- Skýrari persónuverndarreglur
- Birta meira af tölum sem tala beint inni samfélagsumræðu á hverjum tíma
- Stundum villur í töflum. Dæmi: Opinber fjármál nýlega
- Sumar töflur snúa óþægilega þarf töluverða vinnu að snúa þeim rétt. Dæmi: Nýjustu tölur um aflamagn
- Bæta má leiðbeiningar við að sækja gögn á json formatti
- Mannfjöldaspá: Aðferðarfræðin síðast orkar tvímælis, bera saman breytingar milli spáa, betra niðurbrot ísl/erl ríkisborgarar

Síðasti liðurinn fjallaði um **nýjar hugmyndir** en það eru atriði sem snúast um hvaða nýjar hugmyndir ætti helst að framkvæma en einnig geta þetta verið atriði undir flokknum „hvað má gera betur“. Fundargestir skrifuðu hugmyndir sína á miða og kynntu þær síðan munnlega í kjölfarið. Í framhaldinu var hverjum og einum útvegað þrjú atkvæði sem hann/hún máttu nota til þess að kjósa um hugmyndir. Sú hugmynd sem fékk flest atkvæði fór efst í forgangs röðunina og svo koll af kolli. Í framhaldinu verður stofnað sérstakt verkefni utan um þetta.

#### Niðurstöður voru eftirfarandi:

- Mælaborð fyrir ráðuneyti, lykilstærðir (7 stig)
- Vöruhús gagna (6 stig)
- Landsupplýsingakerfi , t.d. Kjördæmaskipting, efnahagsþróun, íbúáþróun o.s.frv.(6 stig)

**3. Önnur mál**

Fundarstjóri sagði frá því að næsti notendafundur væri á dagskrá vorið 2020 og þá væri veitt endurgjöf á stöðu verkefna sem varð niðurstaða þessa fundar.